



Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7

101 Reykjavík

Skagabyggð 13.apríl 2023

Efni: Umsögn um drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga (hvítbók)

Sveitarfélagið Skagabyggð fagnar fyrirhugaðri stefnu (hvítbók) og telur mjög jákvætt að horft sé til þess að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Einnig að tryggja eigi öllum íbúum þjónustu óháð búsetu og viljum við þar sérstaklega benda á kostnað okkar á landsbyggðinni af því að þurfa að sækja nær alla sjúkra- og heilbrigðisþjónustu í um 200km fjarlægð. Þetta kallar nánast alltaf á heilan dag frá vinnu og bitnar bæði á launþegum og atvinnurekendum. Þátttaka ríkisins er mjög óveruleg í þessum ferðum og eykur á veikindalaun atvinnurekenda og síðar launalaus leyfi íbúa.

Við fögnum líka að horft verði sérstaklega til þess að bæta samgöngur með það að markmiði að efla vinnu-, þjónustu- og skólasóknarsvæði og stuðla að búsetufrelsi. Af því tilefni viljum við sérstaklega benda á mikilvægi þess að byggja upp innviði í tengslum við ferðaþjónustu í dreifðari byggðum.

Athygli er vakin á uppsafnaðri viðhaldspörf í samgöngum í landinu og viljum við því hvetja til þess að yfirvöld horfi til annarra möguleika varðandi fjármögnun á nýjum innviðum með því t.d. að opna á innviðafjárfestingar lífeyrissjóða en þeir hafa bent yfirvöldum á að opna á fleiri fjárfestingakosti til þess að ávaxta lífeyrissparnað þjóðarinnar innanlands. Ljóst er að fjármálaáætlun er ekki að endurspeglar áherslur þessarar hvítbókar og því mikilvægt að stjórnvöld finni leiðir til þess að innleiða áherslur við gerð næstu fjármálaáætlunar.

Annað sem við viljum vekja athygli á er að fram kemur að leggja eigi á áherslu á að sveitarfélög nýti island.is, til þess að svo sé hægt þarf að tryggja farsímasamband til allra íbúa þannig þeir eigi kost á því að nýta sér þessa lausn, svo er ekki í dag.

Erla Jónsdóttir

Oddviti Skagabyggðar